

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar stækkunar á skógrækt í Patreksfirði



Atli Rúnarsson

NV nr. 18-22

Maí 2022

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Maí 2022
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: 18-22	Verknúmer: 622	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar stækkunar á skógrækt í Patreksfirði.		Blaðsíður:
		Úpplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson		Fjöldi korta:
		Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Vesturbyggð
Útdráttur Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar stækkunar skógræktar í landi Vesturbotns.		
Lykilorð íslensk: Skógrækt, Fornleifaskráning, Patreksfjörður, Ósafjörður.		Lykilorð ensk: Forestry, Archaeological Survey, Patreksfjörður, Ósafjörður.
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af:

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	1
2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ.....	1
3. AÐFERÐAFRÆÐI.....	1
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	2
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA.....	3
4. SAGA VESTURBOTNS.....	4
5. HEIMILDASKRÁ.....	6
6. FORNLEIFASKRÁ.....	7
7. NIÐURSTÖÐUR	38
8. KORT.....	41

1. INNGANGUR

Að beiðni Vesturbyggðar réðst fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar stækkunar á skógræktinni í landi Vesturbotns á Patreksfirði. Skráningarsvæðið var um 16.2km² og af því er fyrirhuguð skógrækt á u.þ.b. 10km² og golfvöllurinn á gamla bæjarstæði Vesturbotns er um 0.4km². Á svæðinu er fyrir skógræktarsvæði og sjálfsprottinn gróður út frá því en árið 1944 var sett upp 8 hektara skógargirðing og um 2000 plöntur gróðursettar.¹


Vettvangsrannsókn fór fram dagana 3. og 4. maí árið 2022 og var framkvæmd af Atla Rúnarssyni fornleifafræðingi, sem jafnframt sá um skýrslu og kortagerð.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið er allt innan lands Vesturbotns, eða Botns eins og jörðin var kölluð í daglegu tali, og er jörðin að mestu við norðanverðan botn Patreksfjarðar.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi



Mynd 1 - Staðsetning skráningarsvæðisins er merkt inn á kort með gulri stjörnu.

en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar.

Engin fornleifaskráning hafði farið fram áður á svæðinu.

¹ Hákon Bjarnason, 1954, bls. 22

3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornmínjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).


Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2768 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2768-001.

4. SAGA VESTURBOTNS

Fyrst var minnst á Botn í Patreksfirði í Guðmundarmálum árið 1460 og þá var jörðin í eigu Guðmundar Arasonar.² Einnig var minnst á Botn í sölubréfi frá 1473,³ og árið 1478 var jörðin metin á þrjá tugi hundraða og eignaðist Gísli nokkur Filippusson jörðina árið 1479.⁴ 1547 seldi Erlingur Gíslason honum Andréssi bónda Arasyni skóginn sem var á milli Kleifaárinnar og Fjalldalsár en lofaði honum að ómaka ekki Botn.⁵



Mynd 2 - Túnakort af Vesturbotni frá 1920

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem var gerð um 1710, var sagt að bænhús hafi verið á Vesturbotni, sem þá var löngu aflagt. Jörðin var þá metin á 24 hundruð og eigandinn var Sr. Páll Björnsson. Jörðin var þrískipt og bjó Grímur Ketilsson á einum hluta og Jón Björnsson á öðrum. Hlaðseyri var tekin með Vesturbotni og þar bjó Jón Þormóðsson. Landskuldin af allri jörðinni, að undanskildri Hlaðseyri, var 1 hundrað og greiddist hún með fiski í kaupstað eða peningum ef fisk vantaði. Við til húsagerðar lögðu bæði landeigandi og ábúendur. Samtals voru leigukúgildin 18 og voru þau greidd með smjöri til landeiganda eða landaurum ef vantaði uppá smjörið. Kvaðir á jörðinni voru skipsróður, en sá sem átti eigið skip var kvaðafrír.

Grímur hélt 3 kýr, 1 tarf, 13 ær, 4 gelda sauði, 11 gemlinga og 1 hross. Jón Björnsson hélt 1 kýr, 1 veturgamla kvígu, 9 ær, 1 gemling og eitt hross. Jón Þormóðsson hélt á sínum parti 1 kýr. Öll heimajörðin gat fóðrað fjórar kýr og tólf ær.

² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 690 & Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 217

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 712

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 142 & 229

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 99-100

Jörðin átti gott rifhrís sem hún gat nýtt til eldiviðar og kolagerðar og máttu ekki láta hana til annarra. Landeigandi gaf þó stundum öðrum orlof til kolagerðar og tók ekkert fyrir. Einhver grastekja var í fjallshlíðinni en hún þótti ekki nóg. Einhver selveiði og hrognkelsataka hafði verið en ekki heppnast á síðustu árum. Hægt var að nota skelfiskfjöru til bjargar og heimræði þótti gott um haust og hásumur á meðan fiskgengd var.⁶

Í Jarðabók Johnsen frá 1847 var Vesturbotn metinn á 24 hundruð, landskuldin var 0.110 og kúgildin 4. Ábúendur voru einn eigandi og einn leigjandi.⁷

Á túnakorti af Vesturbotni frá árinu 1920 var sagt að túnið væri 3.9 hektarar og að kálgarðar væru 778 fermetrar.⁸

⁶ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 330-331

⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 183

⁸ Túnakort - Vesturbotn, 1920

5. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Hákon Bjarnason. (7. október 1954). Skóggræðslutilraunir á Vestfjörðum. *Morgunblaðið*, bls. 22.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripri úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Kristinn Kristjánsson - Minningargrein. (30. september 2000). *Morgunblaðið*, bls. 45.

Örnefnaskrá - Vesturbotn. (án dags.).

Túnakort - *Vesturbotn*. (24. maí 2022). Sótt frá Manntal.is:
<http://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=VmVzdHVyYm90biAoQm90biwgVmVzdHVyLSkgUmF1w7Bhc2FuZHNocmVwcHVyIFZlc3R1ci1CYXLDsGFzdHJhbmRhcjN0bWVudD09PDVXNsYQ==>

6. FORNLEIFASKRÁ

1

Númer: 2768-001

Hlutverk: Naust

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 277508.9 N: 568170.9

Lengd: 6.5m

Breidd: 5.1m

Hæð veggja: 0.5 – 1.2m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei


Friðlýst: Nei

Staðhættir: Alveg við veginn sem liggur niður að fjörinni á Stekkjareyri.

Minjalýsing: Naust hlaðið úr grjóti. Grasivaxið að utan en hleðslur sjást vel að innan. Naustið er opið í SA og horfir að ágætri lendingu. Töluvert af timbur- og járnadrasli í tóftinni. Veggjahæð er frá 0.5 – 1.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.5m, þó eru veggir farnir að síga töluvert að innan og gætu þeir hafa verið grennri.



Mynd 3 - Horft yfir naust 2768-001



Mynd 4 - Uppmæling af nausti 2768-001

2

Númer: 2768-002**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A: 277462.7 N: 568170.7**Lengd:** 2.6m**Breidd:** 1.8m**Hæð veggja:** 0 – 0.3m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Í hæðardragi á SA-verðri Stekkjareyri, um 40m vestan við naust 2768-001**Minjalýsing:** Bogadregin hleðsla í brekku, gæti verið ung, hlutverk óþekkt. Stórgrýti í brekkunni nýtt í hleðsluna.*Mynd 5 - Horft yfir hleðslu 2768-002*

3

Númer: 2768-003**Hlutverk:** Varnargarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A: 277457.6 N: 568177.8**Lengd:** 60m**Breidd:** 0.8m**Hæð veggja:** 0 – 0.4m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst í brekkunni ofan við naust 2768-001 og hleðslu 2768-002.**Minjalýsing:** Garðlag úr grjóti, mögulega hefur það verið hlaðið til að verja svæðið fyrir neðan frá skriðum eða vatnsfalli. Er vel greinanlegt vestast en er hrunið og hverfur alveg undir gróður þegar austar dregur.*Mynd 6 - Horft vestur yfir garðlag 2768-003.*

4

Númer: 2768-004**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A: 277447.9 N: 568193.5**Lengd:** 4.9m**Breidd:** 4.5m**Hæð veggja:** 0 – 0.1m**Ástand:** Illgreinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Í brekkunni um 14m norðan við garðlag 2768-003.**Minjalýsing:** Óþekkt hleðsla, alveg hrunin og ekkert sérstakt form á henni.*Mynd 7 - Horft yfir hleðslu 2768-004*

5

Númer: 2768-005**Hlutverk:** Vegur / leið**Tegund:** Gata**Staðsetning:** A: 277454.6 N: 568240.7**Lengd:** 172m**Breidd:** 4m**Hæð veggja:****Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Vegurinn liggur í SSV frá Barðastrandarvegi meðfram læknum niður að Stekkjareyri.**Minjalýsing:** Upphlaðinn vegur, líklega vegurinn sem áður var notaður til að komast á Stekkjareyri og hefur tengst Vesturbotni. Vegurinn er um 4m breiður þar sem hann er breiðastur.*Mynd 8 - Horft norður yfir veg 2768-005*

6

Númer: 2768-006**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 277540.4 N: 568411.4**Lengd:** 1.1m**Breidd:** 0.7m**Hæð veggja:** 0.3m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst á smá klett sunnan við Barðastrandarveg, gulur tréstaup fast N við hana.**Minjalýsing:** Varða, um 0.3m há. Eitthvað hefur hrunið úr henni og liggur grjótt úr henni í kring.*Mynd 9 - Horft suður yfir vörðu 2768-006.*

7

Númer: 2768-007**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 277566.8 N: 568362.5**Lengd:** 0.7m**Breidd:** 0.7m**Hæð veggja:****Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst á klöpp, um 55m SA við vörðu 2768-006.**Minjalýsing:** Varðan er hrunin og gæti hún verið þökkalega gömul, hrunið er mosavaxið.*Mynd 10 - Horft suður yfir vörðu 2768-007.*

8

Númer: 2768-008**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 277552.1 N: 277552.1**Lengd:** 0.4m**Breidd:** 0.2m**Hæð veggja:** 0.2m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst á klöpp um 25m SV við vörðu 2768-007.**Minjalýsing:** Varða úr smágrýti. Hún er efst á klöpp og um 0.2m há.*Mynd 11 - Horft austur yfir vörðu 2768-008.*

9

Númer: 2768-009**Hlutverk:** Vað**Tegund:** Gata**Staðsetning:** A: 277420.4 N: 568177.7**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Neðan við fossa í gili í Botnsá, vestan við grasivaxið svæði á flatlendinu á Stekkjareyri.**Minjalýsing:** Vað, í örnefnaskrá segir: „Botnsá rennur utan við Sjóarholt og í gegnum Stekkjareyri. Þar var á henni vað, Strandarvað. Þar lá vegurinn.“*Mynd 12 - Horft austur yfir vað 2768-009*

10**Númer: 2768-010****Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Staðsetning:** A: 277423.6 N: 568157.4**Lengd:** 132.5m**Breidd:** 1m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Að hluta**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Gatan er horfin á austanverðri Stekkjareyri en sést vel þegar komið er yfir vað 2768-009. Þaðan liggur hún í vestur og fer upp kletta á sunnanverðri eyrinni. Gatan hverfur svo þegar komið er á uppblásinn mel ofan við fjöruna.

Minjalýsing: Gatan er vel greinanleg nær Botnsánni og gengur upp kletta vestan við hana. Þá er komið á uppblásinn mel og hægt að fylgja henni smá spotta þar til hún hverfur. Gatan er að jafnaði um 1-1.5m breið.



Mynd 13 - Gata 2768-010 gengur upp kletta vestan við Botnsá.



Mynd 14 - Horft suður yfir götu 2768-010 þegar komið er yfir vað 2768-009 á Botnsá.

11**Númer: 2768-011****Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A: 276970.1 N: 568039.7**Lengd:** 5.5m**Breidd:** 4.7m**Hæð veggja:** 0 – 0.3m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Á sunnanverðri Stekkjareyri neðan við kletta við nes sem kallað er Innsta-Höfðanes, eða Innsta-Nes.

Minjalýsing: Grjóthlaðinn stekkur með inngang í vestur. Stekkurinn er vel siginn og hruninn og gæti verið gamall. Í örnefnaskrá segir: „[...] *Innsta-Höfðanes eða Innsta-Nes. Á því var stekkur, sem var alveg gróinn upp, þegar Ólafía kom að Botni.*“⁹



Mynd 15 - Horft yfir stekk 2768-011.

⁹ Athugasemd: Ólafía kom að Botni, eða Vesturbotni, árið 1914 og var þar í 20 ár.

12**Númer: 2768-012****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 276450.2 N: 568295.6**Lengd:** 2.4m**Breidd:** 1.5m**Hæð veggja:** 0 – 0.3m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Yst á klettabrún á nesi sem nefnist Ysta-Höfðanes eða Staðarnes.

Minjalýsing: Lítil tóft með óþekkt hlutverk úr torfi og grjóti. Innangengt er í tóftina úr austri og það er grjót í botni hennar. Steypujárnsrör stendur uppúr norður vegg. Veggjahæð er frá 0 – 0.3m og veggjabreiddin er að jafnaði um 0.6m.



Mynd 16 - Horft suður yfir túft 2768-012.

13**Númer: 2768-013****Hlutverk:** Sel?**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 276616.6 N: 568536.0**Lengd:** 7.8m**Breidd:** 6m**Hæð veggja:** 0 – 0.2m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei


Staðhættir: Á grasivöxnum hól, sem heitir Staðarhóll, um 80m sunnan við Barðastrandaveg og um 300m NA við tóft 2768-012. Tóftir 2768-014 og 2768-015 eru á sama svæði. Staðarlækur rennur fast sunnan við tóftirnar.

Minjalýsing: Mögulega er hérna um sel að ræða en

Stekkjareyri hét áður Seleyri. Tóftin er úr torfi og grjóti með inngang í vestur. Tóftin er nokkuð sigin og töluvert hrun innan í henni. Austur hluti tóftarinnar gengur inn í hólinn og gætu fleiri minjar leynst inn í honum. Í örnefnaskrá segir: „[...]Fjaran og landið upp af henni fyrir utan yzta nesið er kallað Stöð. Þar upp af er grasivaxinn hóll með tóftum, sem heitir Staðarhóll.“



Mynd 17 - Horft í austur yfir tóft 2768-013.




Mynd 18 - Uppmæling af tóft 2768-013.

14**Númer: 2768-014****Hlutverk:** Sel?**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 276650.9 N: 568548.2**Lengd:** 5.4m**Breidd:** 5.3m**Hæð veggja:** 0 – 0.1m**Ástand:** Illgreinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Sama og 2768-013.


Minjalýsing: Tóftin er af sömu minjaheild og tóft 2768-013 og gæti verið um að ræða sel. Tóftin er úr torfi og grjóti en er mjög sigin og illgreinanleg með mögulegan inngang í NV.



Mynd 19 - Horft í suður yfir tóft 2768-014.



Mynd 20 - Uppmæling af tóft 2768-014.

15**Númer: 2768-0015****Hlutverk:** Sel?**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 276645.3 N: 568534.6**Lengd:** 4.7m**Breidd:** 4.7m**Hæð veggja:** 0.1 – 0.3m**Ástand:** Greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Sama og 2768-013 og 2768-014.**Minjalýsing:** Tóftin er af sömu minjaheild og 2768-013 og 2768-014 og er úr torfi og grjóti. Mögulegur inngangur er í NV. Grjót/hrun í botni tóftarinnar.*Mynd 21 - Horft suður yfir tóft 2768-015.**Mynd 22 - Uppmæling af tóft 2768-015.*


16**Númer: 2768-016****Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A: 277065.5 N: 568452.0**Lengd:** 28m**Breidd:** 12m**Hæð veggja:** 0.4 – 1.5m**Ástand:** Heilleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Neðan við hamar um 60m sunnan við Barðastrandarveg. Réttin sést vel frá veginum.

Minjalýsing: Grjóthlaðin rétt. Almennurinn er í kringum 15 x 2.5m að stærð og svo eru fjórir mis stórir dilkar. Réttin er að mestu heilleg, farið er að hrinja úr henni hér og þar. Ekki er minnst á réttina í örnefnaskrá.



Mynd 23 - Horft í norður yfir rétt 2768-016.



Mynd 24 - Uppmæling af rétt 2768-016.

17**Númer: 2768-017****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 276944.3 N: 568354.4**Lengd:** 1.2m**Breidd:** 0.7m**Hæð veggja:** 1m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst á Höfða um 140m SV við rétt 2768-016.**Minjalýsing:** Varða, um 1m há og strýtulaga. Varðan sést vel frá Vesturbotni.*Mynd 25 - Horft í SV að vörðu 2768-017.***18****Númer: 2768-018****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 276776.7 N: 568377.6**Lengd:** 1m**Breidd:** 1m**Hæð veggja:** 0.3m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst á Höfða, um 170m vestan við vörðu 2768-017.**Minjalýsing:** Varða, um 0.3m há, hringlótt og botninn mosavaxinn.*Mynd 26 - Horft í NV að vörðu 2768-018.*


19**Númer: 2768-019****Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 277645.1 N: 568861.3**Lengd:** 10.4m**Breidd:** 11.5m**Hæð veggja:** 0.2 – 1m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Við botn hlíðarinnar fast norðan við golfvöllinn á Vesturbotni. Um 110m VNV við bílastæðið við völinn.

Minjalýsing: Fjárhús úr torfi og grjóti. Það eru þrjú rými á tóftinni sem eru öll opin í suður. Töluvert af grjóti er hrúnið inn í tóftina. Veggjahæð er frá 0.2 – 1m og breidd veggja er að jafnaði um 1m.



Mynd 27 - Horft í NA yfir fjárhús 2768-019.



Mynd 28 - Uppmæling af fjárhús 2768-019.

20**Númer: 2768-020****Hlutverk: Útihús****Tegund: Tóft****Staðsetning: A: 277555.8 N: 568852.3****Lengd: 8.5m****Breidd: 5m****Hæð veggja: 0.2 – 1.1m****Ástand: Vel greinanleg****Horfin: Nei****Friðlýst: Nei**

Staðhættir: Í þýfðu graslendi um 80m vestan við fjárhús 2768-019, við golfvöllinn á Vesturbotni.

Minjalýsing: Útihús úr torfi og grjóti. Inngangur í tóftina er í suðri og töluvert er hrunið inn í hana. Veggjahæðin er frá 0.2 – 1.1m og veggjabreiddin er að jafnaði um 1m.



Mynd 29 - Horft í NV yfir tóft 2768-020.

21**Númer: 2768-021****Hlutverk: Túngarður****Tegund: Garðlag****Staðsetning: A: 277542.0 N: 568849.9****Lengd: 33.8m****Breidd: 1m****Hæð veggja: 0.1 – 0.4m****Ástand: Greinanleg****Horfin: Nei****Friðlýst: Nei**

Staðhættir: Sá hluti garðsins sem enn er sýnilegur er um 10m vestan við útihús 2768-021.

Minjalýsing: Smá bútur af túngarði sem hefur sloppið þegar golfvöllurinn var gerður. Garðurinn er úr grjóti, alveg hruninn og horfinn undir gróður á köflum.



Mynd 30 - Horft í norður yfir hluta túngarðs 2768-021.

22

Númer: 2768-022**Hlutverk:** Mógröf**Tegund:** Niðurgröftur**Staðsetning:** A: 277374.7 N: 568501.5**Lengd:** 39m**Breidd:** 7 - 15m**Ástand:** Greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Fast norðan við Barðastrandarveg, í mýri um 480m SV við húsin á Vesturbotni.

Minjalýsing: Mógröf, óregluleg. Búið er að grafa skurð í hana. Í örnefnaskrá segir: „Þegar faðir Ólafíu kom að botni 1914, var talið, að þar væri engan mó að finna, en hrís var einkum haft til eldiviðar. Hann fór og leitaði að mó í landinu og fann að heita mátti í hverri laut, t.d. í Höfðamýri, Strákamýri og Háholtslautum. Í Höfðamýri voru 8-9 stungur af mó þar sem dýpst var, en djúpt niður á hann.“



Mynd 31 - Horft í SV yfir mógröf 2768-022.

23

Númer: 2768-023**Hlutverk:** Stífla/Virkjun**Tegund:** Steinsteypa**Staðsetning:** A: 279817.5 N: 567793.6**Lengd:** 35m**Breidd:** 2m**Hæð veggja:** 0 – 3m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Virkjunin þverar Ósá, ofan við Ósárfoss/Svuntufoss.**Minjalýsing:** Virkjun úr steinsteypu, rofin fyrir miðju. Virkjunin var gerð árið 1954 og telst þar með ekki til eiginlegra fornleifa.*Mynd 32 - Horft í SA yfir virkjun 2768-023.*

24

Númer: 2768-024**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 279999.8 N: 568161.2**Lengd:** 1m**Breidd:** 0.8m**Hæð veggja:** 0.3m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst á klett inni í rjóðrinu innst í Ósafirði. Mikill lúpínuvöxtur og birkikjarr í kring. Um 400m NNV við virkjun 2768-023.**Minjalýsing:** Varða úr flötu grjóti, um 0.3m há. Eitthvað hefur hrunið úr henni þar sem grjót úr henni liggur í kring.*Mynd 33 - Horft í suður yfir vörðu 2768-024.*

25

Númer: 2768-025**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 280029.3 N: 567961.4**Lengd:** 0.7m**Breidd:** 0.4m**Hæð veggja:** 0.3m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst á klett, mikið birkikjarr í kring. Varðan sést vel að.**Minjalýsing:** Varða úr 7 steinum, líklega ung, um 0.3 m há.*Mynd 34 - Horft í vestur að vörðu 2768-025.*

26

Númer: 2768-026**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 278067.8 N: 568569.2**Lengd:** 1m**Breidd:** 0.7m**Hæð veggja:** 1.6m**Ástand:** Heilleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Stendur á klöpp í brekku austan við golfvöllinn á Vesturbotni, sést vel þaðan.**Minjalýsing:** Varða, heilleg, um 1.6m há. Ferköntuð og jöfn upp.*Mynd 35 - Horft í austur að vörðu 2768-026.*

27

Númer: 2768-027**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 278057.0 N: 568556.0**Lengd:** 1.5m**Breidd:** 1m**Hæð veggja:** 0.4m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Um 20m SV við vörðu 2768-026.

Minjalýsing: Varða, töluvert hrúnið úr henni. Um 0.4m há þar sem hún er hæst, hún er óregluleg.



Mynd 36 - Horft suður að vörðu 2768-027.

28

Númer: 2768-028**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 278129.8 N: 568518.6**Lengd:** 0.7m**Breidd:** 0.5m**Hæð veggja:** 1m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst á bjargi um 80m SA við vörðu 2768-027.

Minjalýsing: Varða, um 1m há. Það stendur áberandi oddmjór steinn uppúr vörðunni. Með bjarginu er varðan um 1.6m há.



Mynd 37 - Horft austur yfir vörðu 2768-028.

29

Númer: 2768-029**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 278081.8 N: 568825.8**Lengd:** 3.1m**Breidd:** 1.1m**Hæð veggja:** 0.5m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst á hæð austan við golfvöllinn á Vesturbotni.

Minjalýsing: Varða úr grjóti, strýtulaga. Töluvert er hrúnið úr vörðunni sem útskýrir lengdina á henni. Varðan er um 0.5m há og búið er að spreya með blárri málningu á N hlið hennar.



Mynd 38 - Horft í SV yfir vörðu 2768-029.
Vesturbotn í bakgrunni.

30

Númer: 2768-030**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 278589.6 N: 568633.3**Lengd:** 1m**Breidd:** 1m**Hæð veggja:** 1.3m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Stendur á klöpp um 85m sunnan við gamla veginn inn að Ósá og um 90m vestan við Hrófá.

Minjalýsing: Varða, heilleg og ferköntuð. Um 1.3m há og nokkuð jöfn upp.



Mynd 39 - Horft í norður að vörðu 2768-030.

31

Númer: 2768-031**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 276311.3 N: 568937.8**Lengd:** 1.2m**Breidd:** 0.5m**Hæð veggja:** 0.6m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst í hlíðinni í austanverðum Seljadal. Stendur á klöpp á uppblásnum mel.**Minjalýsing:** Varða um 0.6m há og óregluleg. Hrun úr henni í kring.*Mynd 40 - Horft í NV að vörðu 2768-031.*

32

Númer: 2768-032**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 276577.6 N: 569242.8**Lengd:** 2.4m**Breidd:** 1.5m**Hæð veggja:** 1.2m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Í hlíðinni í austanverðum Seljadal, um 400m NA við vörðu 2768-031.**Minjalýsing:** Varða, um 1.2m há. Hún hefur verið alveg ferköntuð en töluvert er hrunið úr norður hlið.*Mynd 41 - Horft í vestur að vörðu 2768-032.*

33

Númer: 2768-033**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 277442.5 N: 569160.8**Lengd:** 2m**Breidd:** 0.8m**Hæð veggja:** 0.4m**Ástand:** Greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Í hlíðinni NNV við golfvöllinn á Vesturbotni. Um 200m ofan við gilið í Botnsá.**Minjalýsing:** Varða, er nú nánast alveg hrunin. Er um 0.4m há og mikið hrun úr henni liggur í kringum hana.*Mynd 42 - Horft í SV að vörðu 2768-033.*

34

Númer: 2768-034**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 277718.0 N: 569297.2**Lengd:** 1.5m**Breidd:** 1m**Hæð veggja:** 0.3m**Ástand:** Greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst á hæð í fjallshlíðinni ofan við Vesturbotn, um 80m vestan við gil sem Botnsá rennur í gegnum.*Mynd 43 - Horft í norður að vörðu 2768-034.*

Minjalýsing: Hrunin varða, hún er eiginlega lögst á hliðina, úr flötu grjóti. Varðan er nú um 0.3m há.

35

Númer: 2768-035

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 277787.1 N: 569540.1

Lengd: 0.8m

Breidd: 0.6m

Hæð veggja: 0.8m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Um 250m norðan við vörðu 2768-034 og um 40m vestan við gilið sem Botnsá rennur í gegnum.

Minjalýsing: Varða, um 0.8m há. Aðeins hrunið úr henni, liggur grjót í kring.



Mynd 44 - Horft í austur að vörðu 2768-035.

36


Númer: 2768-036**Hlutverk:** Sel?**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 276770.2 N: 569643.3**Lengd:** 11.7m**Breidd:** 5.2m**Hæð veggja:** 0 – 0.1m**Ástand:** Illgreinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Á flatlendinu í Seljadal, grasivaxinn hóll sem stendur vel út úr uppblásnum mel. Tvær áberandi fuglaþúfur á tóftinni.

Minjalýsing: Mögulegt sel, en í örnefnaskrá segir að Vesturbotn hafi haft sel í Seljadal. Tóftin er illgreinanleg en sjá má a.m.k. 2 hólfrútorfi og grjóti. Veggjahæð er frá 0 – 0.1m og veggjabreiddin er að jafnaði um 1m. Tóftin er í mikilli hættu vegna uppblásturs.



Mynd 45 - Horft í suður að mögulegu seli 2768-036.



Mynd 46 - Uppmæling af mögulegu seli 2768-036.

37

Númer: 2768-037**Hlutverk:** Þjóðtrú**Tegund:** Frásögn**Staðsetning:** A: 275792.3 N: 568696.5**Ástand:** Heillegar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Helgubúfa er áberandi strýtumyndaður klettur sem stendur við Barðastrandaveg.



Mynd 47 - Horft í NA að Helgubúfu.

Minjalýsing: Í örnefnaskrá segir: „[...] er Helgubúfa, strýtumynduð og klettur að framan. Enginn veit, afhverju nafnið er dregið. Munnmæli eru um, að göng eigi að vera upp í Helgubúfu úr fjörunni. Sagt er að á henni eigi að vera þrír krossar sprungnir í grasið, en þúfan er algróin grasi að ofan. Helgubúfa er mjög einkennilegur staður.“

38

Númer: 2768-038**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Jarðræktarsvæði**Staðsetning:** A: 277530.3 N: 568854.1**Lengd:** 8.8m**Breidd:** 9.7m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei

Staðhættir: Um 5m vestan við túngarð 2768-021.



Mynd 48 - Horft í norður yfir matjurtagarð 2768-038.

Minjalýsing: Matjurtagarður, a.m.k. þrjár sjáanlegar beðasléttur. Ekki er hlaðið í kringum garðinn.

39**Númer:** 2768-039**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 277848.7 N: 569045.6**Lengd:** 2.1m**Breidd:** 1.1m**Hæð veggja:** 1m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Efst í hliðinni N við Vesturbotn.**Minjalýsing:** Varða, töluvert hrunið úr suður hlið hennar. Um 1m há.*Mynd 49 - Horft í SA að vörðu 2768-039.***40****Númer:** 2768-040**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 281335.0 N: 566518.6**Lengd:** 2.2m**Breidd:** 1.9m**Hæð veggja:** 2.2m**Ástand:** Heilleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Á norðanverðri Kleifaheiði, um 330m SA við bílastæðið við steinhlaðna styttnu.*Mynd 50 - Horft í SA að vörðu 2768-040.*

Minjalýsing: Varða um 2.2m há, heilleg og mjókkar upp. Varðan varðar leiðina yfir Kleifaheiði.

41

Númer: 2768-041

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 281358.0 N: 566482.0

Lengd: 1.5m

Breidd: 1.5m

Hæð veggja: 2m

Ástand: Heilleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Á norðanverðri Kleifaheiði, um 40m SA við vörðu 2768-041.

Minjalýsing: Varða, um 2m há og jöfn upp, hringlótt. Varðan varðar leiðina yfir Kleifaheiði.



Mynd 51 - Horft í vestur að vörðu 2768-041.

42

Númer: 2768-042

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 281384.5 N: 566466.1

Lengd: 1.2m

Breidd: 1m

Hæð veggja: 1.8m

Ástand: Heilleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Á norðanverðri Kleifaheiði, um 30m SA við vörðu 2768-041.



Mynd 52 - Horft í vestur að vörðu 2768-042.

Minjalýsing: Varða, um 1.8m há, mjókkar upp, svo gott sem hringlótt. Varðan varðar leiðina yfir Kleifaheiði.

43

Númer: 2768-043

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 281459.1 N: 566404.8

Lengd: 1.8m

Breidd: 1m

Hæð veggja: 1.6m

Ástand: Heilleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Á norðanverðri Kleifaheiði, um 100m SA við vörðu 2768-042.

Minjalýsing: Varða, stendur á bjargi. Varðan sjálf er um 1.6m há en með bjarginu er hún um 2.3m. Varðan varðar leiðina yfir Kleifaheiði.



Mynd 53 - Horft í vestur að vörðu 2768-043.

44

Númer: 2768-044

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðsetning: A: 281466.8 N: 566368.0

Lengd: 1.6m

Breidd: 1m

Hæð veggja: 2.3m

Ástand: Heilleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei



*Mynd 54 - Horft í vestur að vörðu 2768-044.
Steinninn sem stendur úr henni miðri vísar að
vörðu 2768-043.*

Staðhættir: Á norðanverðri Kleifaheiði, um 40m sunnan við vörðu 2768-043.

Minjalýsing: Varða, um 2.3m há, jöfn upp. Stendur steinn út úr vörðunni sem vísar norður að vörðu 2768-043. Varðan varðar leiðina yfir Kleifaheiði.

45

Númer: 2768-045

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðsetning: A: 281467.1 N: 566362.8

Lengd: 915m

Breidd: 2m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Leiðin liggur yfir Kleifaheiði.

Minjalýsing: Leiðin yfir Kleifaheiði. Vörður 2768-040, 041, 042, 043, 044, 046, 047, 048 & 049 varða leiðina. Leiðin er um 2m breið og vel greinanleg, en mælingin gæti verið ónákvæm þar sem leiðin hvarf á köflum undir snjó. Einungis lítill hluti leiðarinnar fellur inn á skráningarsvæðið og leiðin er mun lengri.



Mynd 55 - Horft í norður eftir leið 2768-045.



Mynd 56 - Horft í SV eftir leið 2768-045.

46

Númer: 2768-046**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 281477.9 N: 566311.5**Lengd:** 2.5m**Breidd:** 1.2m**Hæð veggja:** 2m**Ástand:** Heilleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Á norðanverðri Kleifaheiði, um 60m sunnan við vörðu 2768-044.**Minjalýsing:** Varða, um 2m há, ferhyrnd og jöfn upp. Varðan varðar leiðina yfir Kleifaheiðina.*Mynd 57 - Horft í NV að vörðu 2768-046.*

47

Númer: 2768-047**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 281487.9 N: 566262.9**Lengd:** 1.6m**Breidd:** 0.8m**Hæð veggja:** 2m**Ástand:** Heilleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Á norðanverðri Kleifaheiði, um 50m sunnan við vörðu 2768-046.**Minjalýsing:** Varða, um 2m há, hringlótt og jöfn upp. Varðan varðar leiðina yfir Kleifaheiði.*Mynd 58 - Horft í vestur að vörðu 2768-047.*

48

Númer: 2768-048**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 281499.9 N: 566231.1**Lengd:** 2.1m**Breidd:** 1.2m**Hæð veggja:** 1.3m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Á norðanverðri Kleifaheiði, um 35m sunnan við vörðu 2768-047.**Minjalýsing:** Varða, um 1.3m há, ferhyrnd og töluvert hrunið úr henni. Varðan stendur svolítið út varðandi hæð og form. Varðan varðar leiðina yfir Kleifaheiðina.*Mynd 59 - Horft í norður að vörðu 2768-048.*


49

Númer: 2768-049**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A: 281634.5 N: 566055.9**Lengd:** 1.1m**Breidd:** 1m**Hæð veggja:** 0.5m**Ástand:** Vel greinanleg**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:** Á norðanverðri Kleifaheiði, um 220m SA við vörðu 2768-048.**Minjalýsing:** Varða, um 0.5m há og ferhyrnd. Varðan en mun verr gerð en þær sem skráðar voru á undan á heiðinni. Varðan varðar leiðina yfir Kleifaheiðina.*Mynd 60 - Horft í vestur að vörðu 2768-049.*

7. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru 49 minjar skráðar á vettvangi og voru vörður langstærsti flokkurinn, eða 27 talsins.

Þar á eftir komu 8 tóftir, 4 hleðslur og 4 götur, 2 garðlög og restin voru einungis ein af.



Tafla 1 - Graf yfir fjölda skráðra minja

Tveir minjastaðir voru skráðir sem möguleg sel, það eru minjar 2768-013, 014 & 015 en þar er að finna tóftir sem virka frekar fornar. Þær eru á vestanverðu Stekkjareyri sem samkvæmt Örnefnaskrá hét áður Seleyri og sem gefur sterka vísbendingu um að þarna gæti verið um sel að ræða.¹⁰ Hinn staðurinn var tóft 2768-036 sem er að finna í Seljadal en í örnefnaskrá sagði að Vesturbotn hafi haft sel í Seljadal.¹¹

Heildstæðasta minjaheildin var án efa leiðin yfir Kleifaheiðina og vörðurnar sem varða leiðina, þrátt fyrir að einungis lítil hluti heildarinnar féll innan skráningarsvæðisins.

Einar minjar voru skráðar sem ekki teljast sem eiginlegar fornleifar, en voru hafðar með í skráningunni vegna gildi þeirra fyrir jörðina Vesturbotn, virkjunin í Ósá. Hún var gerð af bændunum í Vesturbotni árið 1954 og leiddi rafmagn í bæinn, virkjunin var 33kW og var með stærri bændavirkjunum á þeim tíma.¹²

¹⁰ Örnefnaskrá - Vesturbotn

¹¹ Sama

¹² Kristinn Kristjánsson - Minningargrein, 2000, bls. 45

Nánast allar minjarnar, fyrir utan þær fáu minjar sem eftir standa á bæjarstæði Vesturbotns, eru á svæði sem skilgreint er sem mögulegt skógræktarsvæði og vakin er athygli á því að skógrækt getur haft mjög slæm áhrif á minjar bæði ofan og neðan jarðar og samkvæmt menningarminjalögum skal veita þeim sérstaka athygli þegar skógræktarsvæði verður valið.

Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hættuorsök
1		tóft	naust	engin hætta	
2		hleðsla	óþekkt	engin hætta	
3		garðlag	varnargarður	engin hætta	
4		hleðsla	óþekkt	engin hætta	
5		gata	Leið	engin hætta	
6		varða	kennimark	engin hætta	
7		varða	kennimark	engin hætta	
8		varða	kennimark	engin hætta	
9	Strandarvað	gata	Vað	engin hætta	
10		gata	Leið	engin hætta	
11		hleðsla	stekkur	engin hætta	
12		tóft	óþekkt	engin hætta	
13		tóft	sel?	engin hætta	
14		tóft	sel?	engin hætta	
15		tóft	sel?	engin hætta	
16		hleðsla	Rétt	engin hætta	
17		varða	kennimark	engin hætta	
18		varða	kennimark	engin hætta	
19		tóft	fjárhús	hætta	rasks
20		tóft	útihús	hætta	rasks
21		garðlag	túngarður	hætta	rasks
22		niðurgröftur	mógröf	hætta	rasks
23		steinsteypa	Stífla	mikil hætta	rofs
24		varða	kennimark	engin hætta	
25		varða	kennimark	engin hætta	
26		varða	kennimark	engin hætta	
27		varða	kennimark	engin hætta	
28		varða	kennimark	engin hætta	
29		varða	kennimark	engin hætta	
30		varða	kennimark	engin hætta	
31		varða	kennimark	engin hætta	
32		varða	kennimark	engin hætta	
33		varða	kennimark	engin hætta	
34		varða	kennimark	engin hætta	
35		varða	kennimark	engin hætta	
36		tóft	sel?	mikil hætta	uppblásturs/áfoks

37	Helgubúfa	frásögn	þjóðtrú	engin hætta	
38		jarðræktarsvæði	matjurtagarður	engin hætta	
39		varða	kennimark	engin hætta	
40		varða	kennimark	engin hætta	
41		varða	kennimark	engin hætta	
42		varða	kennimark	engin hætta	
43		varða	kennimark	engin hætta	
44		varða	kennimark	engin hætta	
45		gata	Leið	engin hætta	
46		varða	kennimark	engin hætta	
47		varða	kennimark	engin hætta	
48		varða	kennimark	engin hætta	
49		varða	kennimark	engin hætta	


Tafla 2 - Minjar, lýsing og hættumat

8. KORT



Skýringar

- Staðsetning minjar
- Mælingar - flákar
- Mælingar - línur



Fornleifar sem voru skráðar vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Vesturbotns.
Mælikvarði: 1:30000 Dags. 7.6.2022 Kort 1
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



Skýringar

- Staðsetning minjar
- Mælingar - flákar
- Mælingar - línur




Hluti leiðarinnar yfir Kleifaheiðina sem var innan
skráningarsvæðisins
Mælikvarði: 1:4000 Dags. 7.6.2022 Kort 2
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



Skýringar

- Staðsetning minjar
- Mælingar - flákar
- Mælingar - línur



Skráðar minjar á Stekkjareyri
Mælikvarði: 1:5000 Dags. 7.6.2022 Kort 3
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson